

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Úlfarsárdalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 14. september 2018, breytingu á deiliskipulagi í Úlfarsárdal. Í breytingunni felst m.a. að sett er knatthús austan íþróttahúss, byggingarreit er bætt við, bráðabirgðareitur fyrir kennslustofur stækkaður og svæði fyrir íþróttahús, grasvelli og áhorfendastúkur er stækkað. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Funafold 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. október 2018, breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar norðan Grafarvogs – suðurhluti vegna lóðarinnar nr. 5 við Funafold. Í breytingunni felst m.a. stækkun á byggingarreit á vesturhlíð hússins, að byggja garðskála og stækka bílskúrinn til norðurs innan byggingarreits. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vitastígur 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. október 2018, breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits vegna lóðar nr. 16 við Vitastíg. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skógarhlíð 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 10. október 2018, breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 14 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóð til suðurs, nýr byggingarreitur fyrir bílageymslu og tæknirými innan lóðarstækkunarinnar og byggingarreitur aðalhúss er stækkaður til vesturs fyrir byggingar á einni hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lambhagavegur 12A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 10. október 2018, breytingu á deiliskipulaginu Stekkjarbrekkur/Hallsvegur suður vegna lóðarinnar nr. 12A við Lambhagaveg. Í breytingunni felst m.a. að lóð fyrir spennistöð er stækkuð úr 16 m² í 35 m² ásamt því að vera flutt til norðvesturs vestan við lóðamörk Lambhagavegar 14. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. október 2018.

Björn Axelsson.